

4. apríl 1972.

181

Nr. 69.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum, skv. heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum, að undanskildum bifreiðum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

87.02.31 sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.

87.02.32 snjósléðar.

87.02.38 sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.

87.03.01 slökkviliðsbifreiðar.

87.03.02 snjóplógar.

87.03.09 aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Sams konar gjald skal innheimt af bifhjólum.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 25% af tollverði (cif-verði), sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 1/1970.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 178/1971 um tollverð notaðra bifreiða.

3. gr.

Um gjald skv. reglugerð þessari af bifreiðum og bifhjólum, sem tekin hafa verið til tollmeðferðar við útgáfu þessarar reglugerðar, skal, með hliðsjón af 14. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 farið samkvæmt þeim reglum, er giltu fyrir setningu hennar, enda fari tollafgreiðsla fram fyrir 15. apríl 1972.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 4. apríl 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.